


13. nóvember 2015

Vísitala neysluverðs stendur í stað

Við spáum að verðlag í nóvember, mælt sem vísitala neysluverðs (VNV), standi óbreytt frá fyrri mánuði. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólga úr 1,8% í 2,3%. Hækkun ársverðbólgunnar má helst rekja til þess hve mikil lækkun var í nóvember á síðasta ári (0,5% lækkun verðlags) vegna mikillar lækkunar á bensínverði og verði flugfargjalda. Við spáum að helsta hækkun í nóvember verði á húsnæðisliðnum (+0,10% áhrif á VNV). Aðrir liðir lækka og þá einna helst ferðaliðurinn (-0,04% áhrif á VNV), föt og skór (-0,03% áhrif á VNV) og bensín (-0,02% áhrif á VNV). Einnig lækka tómstundir og menning (-0,02% áhrif á VNV) og matarkarfan (-0,02% áhrif á VNV). Hagstofa Íslands birtir mælingu á vísitölunni fimmtudaginn 26. nóvember nk..

Áhrif undirliða á verðbólgu í nóvember




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Spá okkar fyrir næstu mánuði stendur óbreytt en við spáum að verðlag hækki um 0,3% í desember, lækki um 0,5% í janúar en hækki svo um 0,7% í febrúar. Gangi spáin eftir mun ársverðbólga standa í 2,6% í febrúar á næsta ári.


Helstu atriði í nóvemberspánni:

- Húsnæðisliðurinn hækkar fimmta mánuðinn í röð.** Við spáum því að húsnæðisverð hækki um 0,6% (+0,09% áhrif á VNV) og gangi spáin eftir verður það fimmti mánuðurinn í röð sem húsnæðisverð hækkar. Á myndunum að neðan má einnig sjá að húsnæðisverð um land allt hefur einungis lækkað einu sinni milli mánaða það sem af er þessu ári. Alla aðra mánuði hækkaði húsnæðisverð og þá að meðaltali um 0,8%. Frá ársbyrjun hefur húsnæðisverð hækkað um 7,7% og er það meiri hækkun en undanfarin þrjú ár. Við spáum áframhaldandi hækkun á húsnæðisverði. Þá spáum við að greidd húsaleiga, viðhald og viðgerðir á húsnæði ásamt hita og rafmagni hafi minni áhrif til hækkunar (+0,01% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: +0,10%**

Þróun húsnæðisverðs frá ársbyrjun




Hækkun húsnæðisverðs á árinu



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

- **Flugfargjöld og bensín halda áfram að lækka.** Við gerum ráð fyrir að flugfargjöld til útlanda lækki um 3,3% (-0,04% áhrif á VNV). Það yrði þá fjórði mánuðurinn í röð sem flugfargjöldin lækka í verði. Einnig spáum við lítilsháttar lækkun á eldsneytisverði (-0,02% áhrif á VNV) og er það þá helst bensín sem lækkar en díselolía stendur í stað. **Áhrif á VNV: -0,06%**

Þróun verðlags flugfargjalda til útlanda á árunum 2011 til 2015





Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

- **Föt og skór lækka.** Við spáum því að föt og skór lækki um 0,7% en sumar fataverslanir hafa byrjað að lækka verð á fatnaði til að bregðast við tilvonandi afnámi tolla á föt og skó um áramótin en tollurinn nemur 15% að jafnaði. Það má því gera ráð fyrir frekari verðlækkunum fram að áramótum. **Áhrif á VNV: -0,03%**
- **Aðrir liðir lækka minna.** Aðrir liðir sem lækka eru tómsundur og menning (-0,02% áhrif á VNV) og matarkarfan (-0,02% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: -0,04%**

Hve lengi mun gengi krónunnar halda áfram að styrkjast?

Við spáum því að verðbólgan verði áfram undir verðbólguþröngmiði næstu mánuði en fari svo yfir verðbólguþröngmiðið í febrúar á næsta ári og standi þá í 2,6%. Við gerum ráð fyrir að á næstu mánuðum dragi úr verðhjöðnun innfluttra vara og að ársverðbólgan fari hækkandi þegar líður á næsta ár. Þróun undirlíða verðbólgunnar minnir að sumu leyti á verðbólguþróunina á árunum 2002 til 2004 en þá hækkaði húsnæðisverð um 8% til 10% á ári eða ívið meira en um þessar mundir. Þá lækkuðu innfluttar vörur í verði í ársbyrjun 2003, ekki ósvipað og er að gerast um þessar mundir, en hækkuðu svo í verði þegar leið á árið 2004. Lykilspurningin framundan er því hve lengi gengisstyrking krónunnar mun halda áfram og viðhalda verðhjöðnun innfluttra vara. Ef gengið stendur í stað eða veikist og ef hrávörur fara að hækka í verði mun

Það á endanum skila sér í hækkun á verði innfluttra vara. Þá gerum við einnig ráð fyrir að launahækkanir muni endurspeglast í vaxandi verðbólguþrýstingi þegar líður á næsta ár.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Desember +0,3%.** Gert er ráð fyrir hækkun á innlendum neysluvörum og húsnæðisverði.
- **Janúar -0,5%.** Við spáum að föt og skór, húsgögn og heimilisbúnaður og ferðaliðurinn lækki í mánuðinum. Á móti vegur hækkun á matvöruverði og húsnæðisverði.
- **Febrúar +0,7%.** Útsölur í ársbyrjun ganga til baka og hækka helst föt og skór, húsgögn og heimilisbúnaður ásamt ferðaliðnum og húsnæðisverði.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is